

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 741/2019 um veiðar á sæbjúgum.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Allar veiðar á sæbjúgum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema skipum sem hafa aflamark í sæbjúgum, sbr. ákvæði laga um stjórn fiskveiða.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Svæðaskipting veiða á sæbjúgum.*
- b. 1. másl. 1. mgr. 2. gr. orðast svo: Skipum sem hafa aflamark í sæbjúgum er heimilt að veiða sæbjúgu á þeim tilteknu svæðum sem aflamarkið er bundið við (fylgiskjöl 1 og 2):

#### 3. gr.

3. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn fellur brott og breytast greinanúmer reglugerðarinnar í samræmi við það.

#### 4. gr.

1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, sem verður 1. másl. 1. mgr. 3. gr., orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ráðherra heimilt að veita tímabundin leyfi til tilraunaveiða á sæbjúgum utan veiðisvæða sem skilgreind eru í 2. gr. í samræmi við 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 5. gr.

Fyrirsögn 6. gr. reglugerðarinnar, sem verður 5. gr., orðast svo: *Veiðarfæri.*

#### 6. gr.

2. másl. 1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, sem verður 2. másl. 1. mgr. 6. gr., orðast svo: Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði, sbr. 2. gr. við vigtun afla á hafnarvog.

#### 7. gr.

8. gr. reglugerðarinnar, sem verður 7. gr., orðast svo ásamt fyrirsögn:

#### *Stjórnsýsluviðurlög.*

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna brota á ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur brott.

9. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 8. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 8., 9., 13. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 30. ágúst 2022.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfudagur: 31. ágúst 2022